



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children  
[www.M1914.org](http://www.M1914.org)

©2008 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,  
en ekki selja.





Jesús og  
lærisveinar hans  
voru saman í báti  
á Galíleuvatni  
þegar allt í einu  
skall á mikið  
óveður og öldurót  
á vatninu. Í svona  
veðri mátti búast  
við skipbrotum og  
mannskaða.



Í ölduganginum fylltist báturinn af vatni og lærisveinarnir urðu hræddir. Á meðan stormurinn æddi yfir, svaf Jesús hinn rólegasti á kodda.




Lærisveinarnir vöktu hann upp og hrópuðu, "Meistari, meistari, við erum að farast!"




"Því eruð þið hræddir? Og hvar er trú ykkar?"  
spurði Jesús. Síðan hastaði Jesús á vindinn ...og  
...hann skipaði freyðandi öldunum að lægja.



Þá lægði vindinn, og gerði stilli logn. Öldugangurinn rénaði og vatnið varð slétt.




Lærisveinarnir, alveg undrandi, sögðu, " Hvílíkur er þessi maður? Meira að segja vindurinn og vatnið hlýða honum."



Nokkru síðar átti Jesús annan umfangsmikinn dag. Yfir fimm þúsund manns komu úr öllum áttum til að hlýða á hann. Þar tók Jesús nokkur brauð, braut þau, þakkaði Guði og mettaði allan fjöldann. Þvílíkt kraftaverk! Að kvöldi sendi hann alla heim.



Tafarlaust knúði Jesús lærisveina sína til að fara í bátinn og halda á undan honum áleiðis yfir Galíleuvatn.






Er hann hafði sent fólkið í burtu og farið var að kvölda, fór Jesús einn síns liðs uppá fjall, til að biðjast fyrir í einrúmi.





Úti á vatninu varð bátur lærisveinanna fyrir áföllum, og tafðist róðurinn mikið því vindurinn var á móti þeim. Nú var eitthvað furðulegt um það bil að ske sem mundi koma þeim algerlega á óvart.





Einhvern tíma milli 3 og 6 um morguninn, sáu lærisveinarnir að einhver kom gangandi til þeirra á vatninu og æptu, yfir sig hræddir, "Þetta er vofa!"





Þá sáu þeir að þetta  
var enginn annar en  
sjálfur meistari  
þeirra, Jesús, sem  
kom gangandi til  
þeirra á vatninu.



"Verið hughraustir! Það er ég." Kallaði Jesús.  
"Verið óhræddir."  
Pétur svaraði honum,  
"Ef það ert þú,  
Drottinn, þá segðu mér  
að koma til þín á  
vatninu." Jesús svaraði,  
"Komdu." Þá sté Pétur  
úr bátinum og gekk í  
áttina til Jesú.





En er hann sá  
óveðrið varð Pétur  
hræddur og tók að  
sökva. Þá kallaði  
hann, "Drottinn,  
bjargaðu mér!"



Jesús rétti þegar út höndina, tók í hann og sagði, "Þú trúlitli maður, því efaðist þú?" Og þegar Pétur og Jesús stigu inni bátinn þá lægði vindinn.



En þeir sem í bátum  
voru féllu fram fyrir  
honum og sögðu,  
"Sannarlega ert þú  
sonur Guðs."



# Jesús stillir storminn

Sögu þessa úr heilagri ritningu, Biblíunni,

er að finna í

Matteusi 8 og 14, Markúsi 4, Lúkasi 8

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."  
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,  
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífdar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:  
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

